

Grafið í hólinn

Fræðslu- og rannsóknarverkefni á Úlfarsá í Úlfarsárdal



Unnið í samvinnu við Dalskóla
Skólastjóri: Hildur Jóhannesdóttir
Verkefnisstjóri: Eva Kristín Dal, fornleifafræðingur

Efnisyfirlit

Markmið.....	2
Aðferðir	2
Áætlun og frávik við hana.....	6
Tímaáætlun.....	6
Kostnaðaráætlun.....	6
Áskoranir	6
Ávinningur verkefnisins.....	6
Mat á verkefninu	7
Viðhorf nemenda.....	7
Viðhorf kennara og aðstandenda verkefnis.....	8
Niðurstöður verkefnisins	8
Kynning á afrakstri verkefnisins	9

Markmið

Markmið verkefnisins er að kynna nemendur fyrir fornleifum og störfum fornleifafræðinga á vettvangi. Fornleifarannsókn fer fram á bæjarhólnum á Úlfarsá í Úlfarsárdal. Nemendur í 5. og 6. bekk Dalskóla heimsækja minjasvæðið sem er í göngufæri frá skólanum. Þar fá þeir að takast á við helstu verkefni fornleifafræðinga, bæði sem varða fornleifaskráningu og uppgröft. Að vettvangsvinnunni lokinni vinna nemendur úr þeim gögnum sem þeir söfnuðu. Hver hópur túlka minjarnar sem þeir rannsökuðu og skila frá sér niðurstöðum. Þegar allar niðurstöðurnar liggja fyrir frá hópunum skrifar hver og einn nemandi frásögn þar sem hann segir frá lífinu á Úlfarsá áður fyrr.

Verkefnið er hluti af smiðju í Dalskóla sem bar heitið Land sem lifir. Bæði 5. og 6. bekkur tóku þátt í smiðjunni og eru markmið nemenda eftirfarandi:

- Hefur tekið þátt í fornleifauppgræftri að Úlfarsá.
- Hefur öðlast aukna þekkingu á fornleifum og fornleifafræði.
- Þekkir sögu heimabyggðar, bæinn Kálfakot sem síðar varð Úlfarsá.
- Hefur kynnst vísindalegum vinnubrögðum og notað til að efla færni við að draga ályktanir og beita rökhusun.
- Hefur kynnt sér Landnámsýninguna og söguna um upphaf Reykjavíkur.
- Hefur öðlast skilning á því hvernig hægt er að greina ummerki manna í jarðlögum.
- Hefur kynnst hvernig uppdráttur í hnitakerfi er notaður við fornleifauppgröft.
- Hefur kynnst hvernig mælikvarðar (stækka og minnka uppdrátt) er notað við fornleifauppgröft.
- Hefur kynnst því hvernig tóftir líta út og teiknað þær upp í kvarða.
- Hefur kynnst mæliaðferðinni „að stika“ og nýtt sér í skráningu.
- Hefur lýst grip og beitt ímyndunarafli til að geta sér til um sögu hans.
- Hefur öðlast aukinn orðaforða og þekkingu á hugtökum í tengslum við fornleifafræði.

Aðferðir

Smiðjuvinnan hófst í lok apríl og lauk þann 4. júní. Þema smiðjunnar er sjálfbærni og er miðað að því að nemendur takist á við viðfangsefni sem lúta að samspili umhverfis, félagslegra þátta og efnahagsþróun í samfélags.

Samhliða *Grafið í hólinn* var nýtt námsefni ætlað 5. bekk um fornleifar og fornleifafræði kennt, en það er gefið út undir heitinu Menntun og minjar á vefnum www.menntunogminjar.is. Að tillögu fornleifafræðinganna fóru nemendur einnig í heimsókn á Landnámsýninguna Reykjavík 871±2 í Aðalstræti og skoðuðu minjarnar sem þar voru grafnar upp. Að auki heimsótti 6. bekkur nýja sýningu í Safnahúsinu.

Fornleifarannsókn á útihúsatóft frá bænum Úlfarsá hófst 23. apríl 2015. Rannsóknin er í höndum fornleifafræðinganna Evu Kristínar Dal og Sólrúnar Ingu Traustadóttur. Þær sáu einnig um vettvangskennslu með aðstoð kennara Dalskóla. Opnaður var könnunarskurður að stærðinni 2 x 3 m. Vettvangsvinna

nemenda fór fram dagana 7., 8. og 11. maí. Hver heimsókn á minjasvæðið stóð yfir í tvær klukkustundir og fór hver hópur tvisvar sinnum á vettvang. Þar unnu þau verkefni undir leiðsögn fornleifafræðinganna. Verkefnin voru:

- Nota hnitakerfi til að teikna flatarteikningu af uppgraftarsvæðinu í kvarðanum 1:20.
- Gera jarðlagalýsingu þar sem áferð, litur og lega eru skoðuð.
- Læra að stika út vegalengdir.
- Skoða minjasvæðið í heild og átta sig á legu bæjarins og annarra mannvirkja áður fyrr.
- Skrá tóft og teikna upp í kvarðanum 1:50.
- Sigta jarðveg úr uppgreftrinum í leit að gripum.

Að vettvangsvinnunn lokinni unnu fornleifafræðingarnir áfram með nemendum inni í skólastofu. Sú vinna fór fram 21. maí. Þar skoðuðu nemendur þá gripi sem þeir höfðu fundið við sigtunina. Her nemandi skráði, lýsti og teiknaði tvo gripi. Unnið var orðaský þar sem nemendur rifjuðu upp ný hugtök sem þeir höfðu lært við verkefnisvinnuna. Að lokum skrifuðu þeir sögu um lífið á Úlfarsá fyrir á öldum og notuðu til þess þá þekkingu sem þeir höfðu aflað sér í gegnum fornleifarnar á jörðinni.



Mynd 1: Rústirnar teiknaðar upp í kvarðanum 1:20 með aðferðum fornleifafræðinnar.




Mynd 2: Nemendum þótti skemmtilegt að sigta jarðveginn úr uppgreftrinum í leit að gripum.



Mynd 3: Nemendur æfa sig í að stika vegalengdir.



Mynd 4: Nemendur vinna með gripina sem þeir fundu á vettvangi.



Mynd 5: Vinnubækur nemenda úr smiðjuvinnunni.

Áætlun og frávik við hana

Tímaáætlun

Upphaflega stóð til að verkefnið færi fram á tímabilinu 20. ágúst 2014 – 19. september 2014. Þar sem ekki fékkst fjármagn til rannsóknarhluta verkefnisins fyrir þann tíma var ákveðið að fresta verkefninu fram á vor. Fornleifarannsóknir eru þess eðlis að ekki er hægt að framkvæma þær á veturna svo maímánuður 2015 var valinn til verkefnisins. Eins þótti verkefnið hentar sérlega vel með þema smiðjunnar sem þá færi fram í Dalskóla.

Kostnaðaráætlun

Kostnaðaráætlun gerði ráð fyrir að unnir yrðu 192 tímar. Í raun urðu þeir hins vegar 130. Það er fyrst og fremst vegna þess að tími á vettvangi með nemendum var stytur í ljósi þess hve knappur tími var til stefnu við smiðjuvinnuna. Undirbúningu kennslu var einnig umfangsminni en áætlun gerði ráð fyrir. Kostnaður vegna búnaðar var örlítið lægri en upphaflega var gert ráð fyrir en það var vegna þess að hluti hans fékkst að láni frá Borgarsögusafni. Annar kostnaður, m.a. vegna aksturs, var þó hærri en áætlun gerði ráð fyrir. Gert er grein fyrir þessum liðum í rekstrarreikningi.

Áskoranir

Grafið í hólinn byggir fyrst og fremst á vettvangsvinnu utan dyra. Því var ljóst frá upphafi að veðurfar myndi hafa gríðarleg áhrif á verkefnið. Því var valinn tími í maímánuði í þeirri von um að skaplegt veður yrði og aðstæður góðar. Þetta er enn mikilvægara í ljósi þess að Úlfarsá er í nokkurri hæð yfir sjávarmáli (u.þ.b. 82 m) og á opnu svæði þar sem lítið er um skjól. Þá daga sem vettvangsvinna fór fram var bjart yfir og stóð vindur að norðan. Hitastig var aðeins örfáum gráðum yfir frostmarki. Það var því ansi kalt á svæðinu. Veðurfarið hafði að sjálfsögðu mikil áhrif á upplifun nemenda en gripið var til þess ráðs að hafa tíð hlé þar sem nemendur voru hvattir til að fara í leiki og hreyfa sér til hita.

Grafið í hólinn var hluti af smiðjuvinnu. Þá er unnið tvo daga vikunnar að smiðjuverkefnum. Yfirleitt er hver smiðja sex vikna löng, en Land sem lifir var aðeins fimm vikur. Kennarar voru sammála að meiri tíma hefði mátt nota í verkefnið.

Þetta var styttri smiðja en venjulega og hún leið fyrir það. Við hefðum viljað hafa síðustu, 6. vikuna, til að ná að klára almennilega verkefnið. Hluti nemenda átti eftir að klára síðasta verkefnið sem var spil. Þeir og allir nemendur fengu það með sér útprentað með spilareglum. En lokin á smiðjunni og vinnan í lokin leið fyrir það að hún var styttri en venjulega (úr umsögn kennara 5. og 6. bekkjar).

Ávinningur verkefnisins

Grafið í hólinn var ný tilraun til að nýta fornleifar og fornleifafræði í kennslu á grunnskólastigi. Verkefni á borð við *Grafið í hólinn* eru þekkt erlendis en hafa ekki rutt sér rúms héraendis. Í heildina á lítið heppnaðist verkefnið afar vel og námsefnið höfðaði vel til nemenda. Fornleifafræði er þverfagleg vísindagrein sem hefur fjölbreytta skýrskotun. Hún hentar því vel sem kennsluáferð á grunnskólastigi þar sem auðvelt er að tengja ýmis fög við aðferðir hennar, t.d.

stærðfræði, jarðfræði og sögu. Með verkefninu er nemendum einnig veitt tækifæri til að yfirfæra þá þekkingu sem þeir hafa aflað í hefðbundnum kennslustundum og beita í hagnýtu samhengi, t.d. að teikna í hnitakerfi.

Í umsögn kennara 5. og 6. bekkjar um smiðjuna segir:

Nemendur sökkту sér niður í verkefnin og þau höfðuðu til þeirra. Mikill meirihluti nemenda var mjög áhugasamur í „uppgreftrinum“ þó svo að veður hefði sett strik í reikninginn. Fornleifafræðingarnir Eva Kristínu og Sólrúnu Ingu náðu mjög vel til nemenda og margir nemendanna hefðu viljað hafa meiri tíma til að fara og vinna verkefni með þeim. Í heild gekk smiðjan mjög vel. Kennsluefnið höfðaði vel til nemendanna. Kennsluleiðbeiningar eru ítarlegar og góðar og yfirhöfuð skýrar. Kennarar og nemendur beggja bekkja hefðu viljað hafa meiri tíma til þess að fara í gripagreiningu. Það höfðar til nemendanna og er til þess fallið að vekja áhuga þeirra á efninu (úr umsögn kennara 5. og 6. bekkjar).

Kennararnir eru því mjög ánægðir með framgang verkefnisins og áhuga nemenda sem gefur góð fyrirheit um framhald þess.

Í drögum að stefnumótun Minjastofnunar sem komu út í byrjun maí (<http://www.minjastofnun.is/media/skjol-i-grein/Drog-til-almennrar-umsagnar.pdf>) er eitt af markmiðum sem varða vitundarvakningu og miðlun að hefja eigi fræðslu um minjar í skólum landsins. Það er trú aðstandenda að Grafið í hólinn hafi haft þar nokkur áhrif á og mun í framtíðinni vera leiðandi verkefni í slíku fræðslustarfi.

Mat á verkefninu

Viðhorf nemenda

Á smiðjulokum þann 4. júní voru nemendur spurðir hvað þeim þótti skemmtilegast við verkefnið Grafið í hólinn. Flestir voru á því að þeim hafi þótti skemmtilegast að sigta moldina í leit að gripum. Fjórir höfðu mest gaman af því að mæla upp uppgraftarsvæðið og teikna flatarteikningu og þremur að læra að stika og teikna upp tóftir. Tveimur nemendum þótti gripaverkefnið vera það skemmtilegasta og einum fannst áhugaverðast að skoða bæjarstæðið í heild og minjarnar sem þar eru.

Það kemur ekki á óvart að sigtunin hafi verið vinsælust því þar fá nemendur að taka virkan þátt í rannsókninni, vinna með moldina og leita að gripum. Töluvert af munum fannst í yfirborðslaginu, þó að allir hafi ekki verið forngrípir. Það er þó ánægjulegt að fleiri verkefni voru nefnd í þessu samhengi sem sýnir fram á það hversu misjafnt áhugasvið nemenda er og mikilvægi þess að hafa verkefnin fjölbreytt svo þau höfði til allra.

Nemendur voru einnig beðnir um tillögur að því hvernig bæta mætti verkefnið. Þær hugmyndir sem komu upp voru að fara á fleiri staði að skoða minjar og eyða meiri tíma í vettvangsvinnuna. Eins langar nemendurna að fá að taka virkari þátt í uppgreftrinum sjálfum. Það er þó vandkvæðum bundið vegna reglna um fornleifarannsóknir og framkvæmd þeirra en fornleifauppgreftir eiga aðeins að vera í höndum menntaðra fornleifafræðinga. Kanna mætti þó vilja yfirvalda til að gera undanþágu á reglum til að veita svigrúm til þátttöku nemenda að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Aðstandendur verkefnisins eru

sammála um að auka mætti þann tíma sem nemendur eru á vettvangi. Að lokum var stungið upp á því að á köldum dögum væru heitir drykkir hafðir með í för. Það er auðvelt í framkvæmd en ætti að vera í höndum skóla að útfæra.

Viðhorf kennara og aðstandenda verkefnis

Kennararnir í Dalskóla voru á því máli að verkefnið hafi heppnast mjög vel og vilja ólmir endurtaka það á næsta ári. Aðstandendur þess eru einnig á sama máli. Þó eru nokkur atriði sem mætti huga að. Þau eru t.d.

- Auka fjölda skipta sem hver hópur hefur á vettvangi.
- Að aðeins verði unnið að einu verkefni í einu og báðir fornleifafræðingar sinni því saman. Þannig má tryggja að nemendur fái meiri athygli og leiðbeiningar við verkefnið.
- Útbúa mætti námsefni sem unnið er með til að undirbúa vettvangsvinnuna. Aðalmarkmið þess væri að auðvelda yfirfærslu bóklegra aðferða yfir á vettvangsvinnuna. Hér er sérstaklega átt við vinnu með hnitakerfið.
- Kennarar nefndu að ágætt væri að hafa hugtakalista með verkefninu.
- Aukið samráð við kennara um nemendahópinn og möguleg hegðunarvandamál og hvernig best skuli tekið á þeim.
- Aukin áhersla á reglur um umgengni og hegðun á vettvangi, sérstaklega við uppgriftarsvæðið.

Í heildina á litið heppnaðist Grafið í hólinn afar vel og er mikill vilji til að halda verkefninu áfram á næsta ári. Það gæti því orðið árlegur hluti af skólastarfinu í Dalskóla.

Niðurstöður verkefnisins

Framkvæmd verkefnisins fór fram í maímánuði 2015 og heppnaðist vel. Markmið verkefnisins var að kynna nemendur fyrir fornleifum og fornleifafræði og er það mat skýrsluhöfundar að það hafi heppnast með afbrigðum vel. Nemendur bættu miklu við orðaforða sinn, lærðu að beita vísindalegum vinnubrögðum og kynntust þeim aðferðum sem fornleifafræðingar beita við vinnu sína. Þeir fengu enn fremur góða innsýn í það hversu margbreytileg störf fornleifafræðinga eru. Enn fremur kynntust þeir betur nærumhverfi sínu og sögu Úlfarsárdalsins.

Nemendur höfðu mikinn áhuga á verkefninu og sökktu sér í það. Verkefnið sem nemendur tóku þátt í voru fjölbreytt sem varð til þess að flestir fundu einhvern flöt á verkefninu sem höfðu til þeirra áhugasviðs. Vinnubækur nemenda að smiðjunni lokinni voru afar veglegar og sýndu fram á þá miklu vinnu sem hafði farið fram og þann lærdóm sem nemendur drógu af verkefninu. Skólastjóri Dalskóla skrifaði eftirfarandi umsögn um smiðjuna og verkefnið:

Á heildina litið gekk smiðjan mjög vel. Nemendur voru áhugasamir um efni hennar. Verkefnið var skemmtileg og fjölbreytt og það skilaði góðum árangri að byrja á því að skoða fornleifar utandyra og færa þá vinnu svo inn í stofuna. Gott hefði verið að hafa meiri tíma þar sem efnið var veigamikil og áhugavert, nemendurnir voru áhugasamir og hefðu viljað eyða meiri tíma utandyra í vinnu með fornleifafræðingunum (Hildur Jóhannesdóttir, skólastjóri).

Vilji er fyrir því að verkefnið verði endurtekið að ári liðnu og jafnvel að fleiri skólar taki þátt í því. Það fer þó eftir því hvort fjármagn fái til verkefnisins.

Kynning á afrakstri verkefnisins

Send var út fréttatilkynning til helstu fjölmiðla að verkefninuloknu. Fjallað var um verkefnið á vef Menntunar og minja og hefur verkefnið fengið pláss til frambúðar á vefnum. Eins var athygli vakin á verkefninu á Facebook-síðu Menntunar og minja sem hefur fjölmarga fylgjendur. Áætlanir eru um að kynna verkefnið og afrakstur þess fyrir fræðasamfélaginu, m.a. á vettvangi Félags fornleifafræðinga.

Að þessu sinni var foreldrum ekki boðið á smiðjulok þar sem 5. og 6. bekkur hélt sín smiðjulok á öðrum tíma en aðrir nemendur skólans þar sem vettvangsferð var skipulögð á þeim tíma. Foreldrar hafa þó verið vel upplýstir um verkefnið í gegnum fréttabréf frá kennurum.